

vinnu fyrir blaðið einu sinni á ári. Með því getur tala þeirra tvöfaldast árlega. Og er það til of mikils mælst, frá hendi þeirra er stofnuðu blaðið og gefið. hafa til þess, auk mikillar vinnu, sumir hverjir, nokkuð á annað hundrað dollara?

Vjer Únftarar eru fremur fámennir, en þess framar ætti oss að vera það metnaðarmál að láta hið eina blað vort, sem gefið er út á voru máli, vera laglegt, sémilega vel útbreitt, og kynna oss sem menn út á við.

Fyrir tilmæli hins nýafstaðna þings vors og svo af því, að fráfaraandi nefnd gaf engan kost á að annast um útkomu blaðsins frá veg's, tók eg að nýju að mjer ritstjórn Heimis. Var mjer það að mörgu leyti nauðugt. Er vjer, hinir fyrri útgefendur, afhentum blaðið, hafði eg ekki ætlað að til þess myndi koma að eg taki við ritstjórn þess aftur. Bæði var það, að með þeim umskiftum virtist blaðinu vera vel fargið og svo líka, með því að skilningur manna yrði gleggri á því verki er "hluthafsfjelagið" var að reyna að leysa af hendi, fyrir kyrkjufjelagið, yrði fleiri til þess að leggja því lið, þó svo hafi ekki orðið, svo ekki þyrfti vorrar hjálpar með.

Með þessu er ekki verið að vanþakka það sem gjört hefir verið, heldur sakast um það sem ógjört var látið.

Á ýmsan hátt verður breytt til með fyrirkomulag blaðsins og efni. Meðal annars er ætlast til að birtar verði stuttar dánarfregnir, fyrst og fremst þeirra er að einhverju leyti voru tilheyrandi fjelagsmálum vorum, og svo hinna annara Íslendinga eftir því sem á stendur. Væri blaðið svo stórt, að rúmsins vegna væri það hægt, myndum vjer helzt kjósa að geta birt fullkomin æfagrip allra Íslendinga er andast hjer megin hafsins. Vjer lítum svo á, að íslensk blöð hjer í álfu sje ekki til annars þarfari, en ef þau gætu geymt nöfn látinna Íslendinga, er hvorki grafir nje garðskýrslur þessa lands, greina frá, er fráun liða stundir.

Á þessari skoðun biðjum vjer engrar afsökunar, ekki einu sinni fagurfræðingana er mest finna að dánarfregnunum í íslensku vikublöðunum. Vjer skulum segja að stjakað sje við þeim lifendu, en það er leitt að vera að spyrna við þeim dauðu.

Ekki er ætlast til að skýrslur þessar verði lengri en sem svarar